

Upp úr 1950 gekkst Átthagafélag Kjósarhrepps fyrir gerð kvikmyndar er sýnir alla bæji og flesta íbúa sveitarinnar ásamt ýmsu áhugaverðu. Hugmynd kom upp að þörf væri á að nafngreina einstaklinga í myndinni á meðan tök væri á. Áhugasamur Kjósverji gaf sig fram og hefur unnið ötullega að þessu verkefni, grafið upp öll nöfn og unnið að útfærslu, í samvinnu við Bergvík ehf, um birtingu þeirra í myndinni sjálfri. Þessu verkefni er nú lokið og hefur Bergvík afhent myndina uppfærða. Útlagður kostnaður er u.þ.b.140 þúsund kr. og hefur verið greiddur af Þorsteini Veturliðasyni.